

Breytingar fyrir 3. umræðu

Alþingi

Erindi nr. D 117 / 467

komudagur 18 / 12 1993

1. Við 16. gr. frumvarpsins bætast tveir nýir staflíðir, sem verða b. og d., er orðast svo:
  - b. 6. tölul. orðast svo: Fólksflutningar.
  - d. 13. tölul. orðast svo: Þjónusta ferðaskrifstofa.
  
2. 18. gr. frumvarpsins fellur niður.
  
3. Í stað a- og b-liða 19. gr. frumvarpsins kemur nýr staflíður a. er orðast svo:
  1. tölul. og 3. tölul. falla brott.
  
4. 34. gr. frumvarpsins orðast svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

  - a. Í stað hlutfallstalnanna "2,5" og "6" í 1. mgr. kemur:  
2,85 og 6,35
  - b. 1. málsl. 3. tölul. 2. mgr. orðast svo:  
Hótelgistingu.
  
5. Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I í 49. gr.:
  - a. Tollskrárnúmerið 6806.1009 flyst úr gjaldflokki B í gjaldflokk A.
  - b. Eftirtalin tollskrárnúmer falla brott úr gjaldflokki A: 2005.2011, 2005.2019, 2005.2021, 2005.2029, 2106.9054 og 2106.9055.
  - c. Tollskrárnúmerið 2005.2002 bætist við gjaldflokk A.
  - d. Tollskrárnúmerið 8302.3000 fellur brott úr gjaldflokki E.

## Skýringar

1. Fólksflutningar og ferðaskrifstofur færð undan skattskyldu, þ.e. lagatexti 6. tölul. og 13. færist í fyrra horf, eins og hann var fyrir l. nr. 111/1992.
2. A-liður 18. gr. (17. grein upphaflega) dreginn til baka vegna fólksflutninga. B-liður dreginn til baka vegna 16. gr. (upphaflega) þar sem hún kann að verða mistúlkuð.
3. A-liður 19. gr. um fólksflutninga með ferjum dreginn til baka, sbr. 1. B-liður 19. gr. (upphaflega a-liður 18.gr.) dreginn til baka vegna ferðaskrifstofa, sbr. 1. Nýr A-liður settur inn til að fella fólksflutninga og þjónustu ferðaskrifstofa út úr 14. gr. laganna.
4. A-liður er óbreyttur en í b-lið er dregin til baka lækun tryggingagjalds á fólksflutninga og aðra ferðaþjónustu en hótulgistingu.

5. Stafliður a: Steinnull færð niður í 6% vörugjald eins og fleiri byggingarvörur (við 2. umræðu).

Stafliðir b og c: Tæknileg lagfæring vegna breytinga á tollskrá. Nauðsynlegt er að búa til ný tollskránumer vegna álagningar vörugjalds á snakkvörur og sykrud matvæli og var gert ráð fyrir nokkrum slíkum í texta frumvarpsins. Við nánari athugun hefur komið í ljós að ekki er þörf á öllum þeim númerum og því þarf að gera þessa breytingu.

Stafliður d: Tollskránumerið 8302.3000 er talið upp í tveimur gjaldflokkum í lögunum, C og E. Það á að vera staðsett í C-flokki og því þarf að fella það brott úr flokki E.